

Fundur haldinn í stjórn Barmahlíðar
mánudaginn 30. júní 2008 kl. 20:00.

Fundarstaður: Fundarherbergi hreppsnefndar Maríutröð 5 a.

Mættir: Egill Sigurgeirsson, Rebekka Eiríksdóttir, Sigurbjörg Daníelsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson, Þuríður Stefánsdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Dagskrá:

1. Kosning formanns og varaformanns.
Rebekka Eiríksdóttir kosin formaður og Egill Sigurgeirsson varaformaður.
2. Ráðning hjúkrunarforstjóra í afleysingar. Umsókn liggur fyrir frá hjúkrunarfræðingi. Sveitarstjóra falið að hafa samband við Launanefnd sveitarfélaga og koma með tilboð til umsækjanda.

Önnur mál:

1. Þuríður tjáði fundarmönnum að það væri ósk starfsfólks og heimilisfólks í Barmahlíð að inngangur að norðan verði lagaður. Hugmyndinni komið á framfæri.
2. Fræðslumál. Fagnámskeið I. Sigurbjörg kynnti fyrir fundarmönnum fagnámskeið sem Fræðslumiðstoð Vestfjarða býður upp á frá hausti 2008 og hvetur nefndarmenn til að halda áfram með málið.
3. Áhættumat fyrir Barmahlíð. Er í vinnslu og hvatt er til að klára það sem fyrst.
4. Launamál í Barmahlíð rædd.
5. Verðskrá fyrir útleigu á húsnæði Barmahlíðar. Ákveðið að taka 6.500 kr. pr. dag þegar um atvinnustarfsemi er að ræða fyrir fyrstu tvo dagana, en hlutfall af leigu litlu íbúðar ef dagafjöldinn er meiri. Fyrir stutta leigu, minna en ½ dag greiðastg 1.000 kr.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.: 21:40.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Þuríður Stefánsdóttir (sign)
Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)
Rebekka Eiríksdóttir (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)